

# Pekktu

# réttindi þín

unicef   
fyrir öll börn

Pessa bók á:



Réttindi barna:  
Hvernig nýtast  
þau okkur?



Má mamma  
þín skoða  
símann þinn  
án þess að  
spyrja þig?



Mega aðrir  
taka myndir  
af þér?



Hvers vegna  
hefur þú rétt  
á því að  
borða grænmeti?



Átt þú rétt á  
því að spila  
tölvuleik?

m

MENNTAMÁLASTOFNUN

40332

ISBN 978-9979-0-2593-1

# Hvað eru réttindi barna?

Sem barn átt þú rétt á því að vaxa úr grasi og lifa heilbrigðu lífi. Hvað þarftu til þess að það geti orðið? Hollur matur og góð umönnun eru tvö dæmi um það. En þarftu líka sjónvarp? Öll réttindi barna eru byggð á þeirra þörfum. Í þessari bók lærir þú um þau!

## Æfing 1

### Hvað gleður mig?

Auðvitað er gaman að eiga glænýjan síma og borða ís alla daga eða fara til útlanda sex sinnum á ári. Hvað fleira gleður þig? Skrifðu þrjá hluti sem gleða þig í reitina hér fyrir neðan.

01

02

03



## Æfing 2

### Hvers þarfnast ég?

Þú þarft nauðsynlega á sumum hlutum að halda. Eins og að eiga möguleika á því að fara í skólann svo að þú getir þroskast og horft fram á bjarta framtíð. Þú þarft líka á hollum mat að halda, til að koma í veg fyrir veikindi. Hvað með þak yfir höfuðið? Getur þú talið upp fleira sem þú þarft nauðsynlega á að halda?

01

02

03

## Æfing 3

### Þetta er gott – en þetta er það sem ég þarf!

Sumt er gott að eiga en annað þarf maður til þess að þroskast og dafna.

Þekkir þú muninn á því sem þú þarft og því sem þú þarft ekki?

Merktu við það sem þú nauðsynlega þarft.



- Strigaskó sem passa á mig
- Stórt rúm
- Nammi
- Hús til þess að búa í
- Tíma til þess að gera það sem ég vil
- Leikjatölvu
- Nokkrar utanlandsferðir á ári
- Mínar eigin skoðanir (að geta deilt þeim frjálst)
- Mín eigin trúarbrögð (að geta valið hvað þú trúir á)
- Sjónvarp
- Nafn, svo stjórnvöld viti að ég sé til
- Vernd gegn mismunun
- Upplýsingar úr bókum, sjónvarpinu og internetinu
- Einkalíf
- Ást og athygli frá foreldrum mínum
- Íþróttir
- Föt
- Rúm
- Góðan kennara
- Hús með fleiri en fjórum herbergjum
- Besta vin

# Réttindi barna

Hvað þarft þú raunverulega til þess að þroskast og lifa heilbrigðu lífi? Þjóðir heimsins hafa lofað að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að börn fái það sem þau þurfa til að vaxa, þroskast og lifa heilbrigðu lífi. Þetta loforð köllum við samning. Samning um réttindi barna. Þessi réttindi segja fullorðnum hvernig þeir eiga að koma fram við börn. Næstum því öll lönd í heiminum hafa samþykkt þennan samning og kallast hann Barnasáttmálinn. Þessi réttindi barna eiga við um öll börn í heiminum undir átján ára aldri.



## Æfing 4

Skoðaðu veggspjaldið eða bæklinginn sem sýnir öll réttindi barna. Berðu réttindin saman við listann þinn úr æfingu 2. Hvaða réttindi eru á listanum þínum?

01

02

03



## Æfing 5

Hvers vegna þurfa börn sérstök réttindi?

---

---

---

---



## Barnasáttmálinn

Í Barnasáttmálanum finnur þú öll réttindi barna. Næstum öll lönd í heiminum hafa samþykkt þennan sáttmála. Þau lofa að virða réttindin og hugsa vel um börnin í landinu. Þetta á við um stjórnvöld, lögregluna, dómara, kennara, foreldra þína og alla fullorðna, alls staðar í heiminum!

## UNICEF stendur vörð um réttindi þín

Þessi loforð hljóma vel en hver sér um það að passa að staðið sé við þau? Þetta er það sem samtök eins og UNICEF gera. UNICEF stendur vörð um réttindi barna og hjálpar til við að passa að öll börn njóti verndar, að hlustað sé á þau og að þau komist til læknis. Þetta á líka við um þig!

## Hvað ef réttindi barna eru ekki virt?

Í flestum löndum eru börn sem njóta ekki allra réttinda sinna. Réttindi þeirra eru ekki virt. Hvað getur þú gert ef það á við um þig eða einhvern sem þú þekkir? Þú getur fundið svarið á blaðsíðu 16 í þessari vinnubók.

# Vissir

# þú að...

- Barnasáttmálinn var samþykktur af Sameinuðu þjóðunum árið 1989?
- 196 lönd hafa samþykkt sáttmálann?
- Þú þarft ekki að gera neitt til þess að eiga þessi réttindi? Þú átt þau alltaf og enginn getur tekið þau frá þér.
- Öll réttindi barna eru jafn mikilvæg. Engin réttindi eru mikilvægari en önnur!
- Fullorðnir eiga líka réttindi? Þau kallast mannréttindi.
- Sameinuðu þjóðirnar skrifuðu Barnasáttmálann. Sameinuðu þjóðirnar eru samtök margra þjóða um allan heim. Saman geta þau fundið lausnir á vandamálum í heiminum. UNICEF er Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna.

## Æfing 6

Réttindi barna kunna að hljóma eins og þau eigi ekki við um þig. En vissir þú að þau eru allt í kring um okkur á hverjum degi? Teiknaðu mynd af uppáhalds vikudeginum þínum og skrifaðu niður þau réttindi sem eiga við. Fylgdu skrefunum hér að neðan.

# Dagur fullur af réttindum



## Teiknimynd: Skref fyrir skref Veldu uppáhalds vikudaginn þinn.

Skrifaðu niður sex augnablik sem eiga sér stað yfir daginn á þennan lista.

- T.d.: Ég vaknaði – Ég fékk mér safa – Ég fór í fótbolta – Ég datt í poll – Ég fór í búð með Jóa og Míu – Ég fór að sofa.
- Skoðaðu núna bæklinginn með réttindum barna.
- Reyndu að tengja að minnsta kosti fjögur augnablik við réttindi barna.
- Ef þú getur það ekki, veldu nýtt augnablik yfir daginn. Til dæmis gætirðu skipt út „ég datt í poll“ fyrir „ég sendi Línu SMS“.
- Teiknaðu mynd af þessum sex augnablikum sem þú valdir!

01

02

03

04

05

06

01

Hvaða réttindi tengjast þessu augnabliki?

---

02

Hvaða réttindi tengjast þessu augnabliki?

---

03

Hvaða réttindi tengjast þessu augnabliki?

---

04

Hvaða réttindi tengjast þessu augnabliki?

---

05

Hvaða réttindi tengjast þessu augnabliki?

---

06

Hvaða réttindi tengjast þessu augnabliki?

---

# Mín réttindi, þín réttindi, þín réttindi!

Öll börn eiga sömu réttindi.  
En ekki finnst öllum  
börnum sömu réttindi  
vera mikilvæg.  
Hugsar þú um  
aðstæður annarra?

**Pekktu réttindi þín**

Öll börn eiga réttindi og öll börn eiga líka rétt á því að þekkja réttindi sín. Þekkir þú þín réttindi? Á þessu veggspjaldi finnur þú öll réttindi sem eiga við um þig og öll börn í heiminum. Þessi réttindi má finna í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og þar segir hvað öll börn mega og eiga.



**Barna-sáttmála veggspjald**

**BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA**

Langar þig að læra meira um Barnasáttmálann?  
Skoðuðu heimasíðuna [www.barnasattmali.is](http://www.barnasattmali.is)

unicef fyrir öll börn

M MENNTAVALGUSTURINN 2008

## Æfing 7

Réttindi þín í fljótu bragði  
Skoðuðu veggspjaldið með Barnasáttmálanum  
þar er að finna heiti allra greina sáttmálans.

- Veldu þau þrenn réttindi sem þér þykja mikilvægust. Búðu til lista þar sem þau mikilvægustu eru efst.

01

02

03

- Útskýrðu hvers vegna þér þykir þessi réttindi svona mikilvæg.

01

02

03

- Skrifaðu niður ein réttindi sem þér finnst ekki vera mikilvæg og útskýrðu hvers vegna þér finnst það.



- Heldur þú að réttindi sem þér fannst ekki mikilvæg, séu mikilvæg fyrir önnur börn? Hvaða börn?

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

- Hvenær myndu réttindi sem þér fannst ekki mikilvæg, vera mikilvæg fyrir þig? Getur þú ímyndað þér aðstæður þar sem réttindin sem þér fannst ekki mikilvæg, væru mikilvæg? Nefndu dæmi:

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

Skoðaðu veggspjaldið með Barnasáttmálanum aftur eða flettu í gegnum bæklinginn. Veldu ein réttindi og teiknaðu. Eða skrifaðu fallett ljóð eða grípandi slagorð sem segir eitthvað um þau réttindi.

### Æfing 8

## Reglurnar um réttindin

Þú hefur réttindi og það gera bekkjarfélagar þínir líka. Alveg eins og bróðir þinn eða systir, stelpa í næsta húsi og öll önnur börn í heiminum. Gleymir þú stundum réttindum annarra? Eða hugsar þú alltaf um réttindi annarra barna?

### Ímyndaðu þér:

Þú átt afmæli og býður tíu krökkum úr bekknum í afmælisveisluna. Hinum krökkunum í bekknum er ekki boðið. Ert þú að brjóta á réttindum einhvers?

**Já**       **Nei**

Rökstyddu svarið.

---

---

---

### Ímyndaðu þér:

Í leik grípur þú síma vinar þíns í gríni og skoðar myndirnar hans. Er þetta fyndið grín? Eða ert þú að brjóta á réttindum einhvers?

**Fyndið grín**       **Brot á réttindum**

### Ímyndaðu þér:

Strákurinn sem á heima við hliðina á þér talar annað tungumál. Þú skilur hann ekki svo þér finnst að hann ætti að tala þitt tungumál við mömmu sína þegar þú ert að leika heima hjá honum. Á vinur þinn rétt á því að tala sitt tungumál?

**Já**       **Nei**

# Skellur! Hvað ef réttindi stangast á?

Réttindi barna eru til þess gerð að vernda þau. Það gæti hljómað ósköp einfalt en er það ekki alltaf. Tvenn réttindi geta stundum stangast á.



Réttindi stangast á Dæmi 1

Hvaða réttindi stangast hér á?

---

---

---

Hvort ert þú sammála Emmu eða mómmu hennar? Af hverju?

---

---

---

Hvernig geta Emma og mamma hennar leyst úr þessu án þess að brjóta nein réttindi?

---

---

---

## Emma (13):

„Áður en ég fer að sofa á kvöldin verð ég að rétta mómmu símann minn. Hún segist ekki vilja að ég sé vakandi of lengi. En ég veit betur. Hún stelst til að lesa skilaboðin mín. Það pirrar mig rosalega.“

## Mamma hennar Emmu:

„Já, ég játa að ég skoða skilaboðin í símanum hennar Emmu. En ég geri það ekki vegna þess að ég treysti henni ekki. Ég geri það til þess að vernda hana. Ég vil vita við hverja hún er í samskiptum. Og vera viss um að það sé ekki verið að leggja hana í einelti eins og fyrir nokkrum árum.“

## Aefing 9

Stundum kemur eitthvað fyrir þig sem þér líkar illa. Til dæmis, foreldrar þínir skilja eða stjórnvöld banna þér að gera eitthvað sem þig langar að gera (eins og vinna). Hefur þú einhvern tímann lent í einhverju þessu líku? Ef svo er, voru einhver réttindi barna sem stangast á? Hvaða réttindi?

---

---

---

Réttindi  
stangast á  
Dæmi 2



## Jóhann (12):

„Ég bý ekki lengur heima hjá mér, heldur bý ég hjá fósturfjölskyldu. Eins og er geta foreldrar mínir ekki hugsað nægilega vel um mig.

Ég skil það en ég sakna þeirra mjög mikið. Ég vil bara fara heim þar sem ég á mitt eigið herbergi og þar sem vinir mínir eru. Af hverju má ég ekki fá að velja hvar ég á heima?“

Hvaða réttindi stangast hér á?

---

---

---

Má setja Jóhann í fóstur,  
þó svo hann vilji það ekki?

---

---

---

## Fannar (14):

„Pabbi minn á búð og ég hef gaman að því að hjálpa honum eftir skóla. Þegar ég er ekki í búðinni er ég á fótboltaæfingu. Ég er góður sóknarmaður. Á milli þess að vera með pabba í búðinni og stunda fótbolta hef ég eiginlega ekki mikinn tíma til þess að vinna heimavinnuna mína eða leika við vini. Það er mitt val er það ekki?“

Hvað finnst þér um það að Fannar velji að vera bara í fótbolta og vinnu?

---

---

Hvaða réttindi stangast hér á?

---

---

---

Hvað finnst þér að pabbi Fannars ætti að gera?

---

---



Réttindi  
stangast á  
Dæmi 3





**Ef**

**ég væri  
stjórnandinn ...**

Hvað ef þú gætir valið hvaða réttindi þú ættir?  
Þá væri svo gaman heima og í skólanum!  
Hvaða réttindi myndir þú vilja?  
Og hvað ætti að breytast í skólastofunni?

## Afing 10

### Réttindin heima

Sofa allan daginn. Eða borða alltaf það sem þú vilt. Þú gætir haldið að þetta væru réttindi þín. Hvaða réttindi skipta þig mestu máli heima hjá þér? Heima vil ég njóta þessara réttinda:

01

---

02

---

03

---

04

---

05

---

### Réttindin í skólanum

Teikna myndir allan daginn í stað þess að reikna eða klára skólann um hádegi á hverjum degi. Hvaða réttindi skipta þig mestu máli í skólanum? Í skólanum vil ég njóta þessara réttinda:

01

---

02

---

03

---

04

---

05

---

## Góð hugmynd?

### Eða ekki...

Réttindin sem þú skrifaðir niður gætu gert lífið skemmtilegra. En hvað gerðist ef þú myndir raunverulega hafa þessi réttindi?

Veldu ein réttindi á listanum yfir réttindin í skólanum sem þú myndir vilja hafa. Svaraðu nú þessum spurningum:

**A** Hvað þyrfti skólinn að gera til að þú nytir þessara réttinda?

**B** Hvernig myndi skóladagurinn líta út ef þú hefðir þessi réttindi?

**C** Hvaða afleiðingar hefði það á bekkjarfélagi þínu?

**D** Eru einhverjir ókostir við að hafa þessi réttindi?

**E** Væri það góð hugmynd að hafa þessi réttindi?



**UNICEF, Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og Sameinuðu þjóðirnar. Eftir að hafa lokið við verkefnið hér að framan ættir þú að kannast við þessi hugtök af því þú veist hvað þau þýða. Ekki satt? Kannaðu hvað þú veist um réttindi barna með þessu skyndiprófi.**



Merktu við svarið sem þú heldur að sé rétt. Athugið: að sumar spurningar geta verið með fleiri en eitt rétt svar.

Viltu vita hvernig þér gekk? Fáðu kennarann þinn til þess að fara yfir svörin með þér.

→ Fékkstu færri en fimm spurningar réttar? Úbbs, þú ert ekki orðinn sérfræðingur enn þá! Æfðu þig áfram með vinnubókina og reyndu svo aftur.

→ Fékkstu fleiri en fimm spurningar réttar? Til hamingju, þú veist mikið um réttindi barna! Þú veist nákvæmlega hverju þú hefur rétt á. Þú hefur sömu réttindi og öll önnur börn í heiminum.



## Æfing 11

### Hvað eru réttindi barna?

- A. Samningur á milli landa um það hvernig skal koma fram við börn.
- B. Ráð fyrir foreldra um það hvaða hegðun er í lagi að börn sýni og hvað er ekki í lagi
- C. Réttindi sem börn hafa búið til sjálf.
- D. Mannréttindi, sérstaklega fyrir börn.

### Hver eftirtalinnna réttinda eru raunveruleg?

- A. Ég á rétt á því að eiga skemmtilegan bróður eða systur.
- B. Ég á rétt á því að vera í samskiptum við foreldra mína.
- C. Ég á rétt á því að segja mína skoðun.
- D. Ég á rétt á því að fá nýja vetrar- og sumarúlpu.
- E. Ég á rétt á því að velja mína eigin trú.

### Hverjir verða að fylgja Barnasáttmálanum?

- A. Foreldrar þínir
- B. Kennarar
- C. Lögregluþjónar
- D. Stjórnvöld og allir sem vinna fyrir ríkið
- E. Allir fullorðnir

### Þú átt rétt til að láta skoðanir þínar í ljós og hafa áhrif. Hvað þýðir það?

- A. Þú átt rétt til að deila skoðunum þínum (segja hvað þér finnst um eitthvað).
- B. Þú átt rétt til að fá staðfestingu á skoðun þinni.
- C. Fullorðnir verða að hlusta vel á þig.
- D. Þú ræður alltaf hvað kemur fyrir þig.

### Hvað er satt?

- A. Ég á rétt á að vera með góðan kennara.
- B. Ég á rétt á að leita mér upplýsinga í bókum, á netinu, í sjónvarpinu og í dagblöðum.
- C. Ég á rétt á að vera í tölvunni.
- D. Ég verð alltaf að fá það sem ég vil.

### Hvaða lönd hafa samþykkt Barnasáttmálann?

- A. Öll lönd í Evrópu.
- B. Öll fátæku löndin.
- C. Næstum því öll lönd í heiminum.
- D. Holland og Belgía.

### Hvað gerir UNICEF?

- A. UNICEF stendur vörð um réttindi allra barna í heiminum.
- B. UNICEF fylgist með hvort lönd virða réttindi barna.
- C. UNICEF er Barnahjál Sameinuðu Þjóðanna.

